

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS HRAFNKELSSTÖÐUM,GRUNDARFJARÐARBÆR

---

<b>Dagsetning</b>	30.06.2011	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún
<b>Fyrirtæki</b>	Grundarfjarðarbær	Guðmundsdóttir	
<b>Heimilisfang</b>	Grundargötu 30	<b>Starfsleyfi, gildir til</b>	4.12.2012
<b>Kennitala</b>	520169-1729	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Isat nr.</b>	38.21.0	<b>Fulltrúar fyrirtækis</b>	Valgeir Þ. Magnússon
		<b>Staðsetning starfstöðvar (hnit)</b>	

**Starfsemi** Geymsla ákv.  
úrgangsflokka og urðun óvirks úrgangs

---

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Starfshættir og frágangur á urðunarsvæðinu eru ekki ásættanleg. Sjö frávik voru staðfest í eftirlitinu, en þau varða of mikið magn af úrgangi á svæðinu og er hann dreifður víða, úrgangsflokkar sem ekki eru tilgreindir í starfsleyfi eru á svæðinu, girðingu og hlið vantar, starfsleyfi var ekki í vörslu umsjónaraðila, mælingar hafa ekki farið fram í samræmi við starfsleyfi og staðfestingu um ábyrgðartryggingu, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mögulegrar hættu á bráðamengun vantar.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir ákvæði starfsleyfis og reglugerðar 738/2003 um urðun úrgangs, er varða meðhöndlun úrgangs, með Valgeiri Þ. Magnússyni forsvarsmanni Grundarfjarðarbæjar ath bæjarstjóráskráningar og skyldur rekstraraðila er varða hættu á bráðamengun hafs og stranda.. Urðunar- og geymslustaður



## FRÁVIK<sup>i</sup> OG ATHUGASEMDIR<sup>ii</sup>

### Frávik 1:

Úrgangi af ýmsu tagi ægði meira eða minna saman á svæðinu m.a. voru innanstokksmunir, dekk o.fl. sem ekki er gert ráð fyrir að geyma eða urða á staðnum.

**Frávik frá:** Ákvæði 1.1. og 3.1 um leyfilega úrgangsflokka, þ.e. urða má óvirkan úrgang, en geyma má úrgangstímur og endurvinnna garðaúrgang. Ákvæði 1.3 en samkvæmt því skal öll meðferð úrgangs stuðla að því að tryggt sé að komið sé í veg fyrir óþrifnað o.fl. þ.h.

### Frávik 2:

Of mikið magn er geymt á staðnum og það dreift á nokkra staði. Þá er ekki að sjá neina jarðgerð eða aðra endurvinnslu á svæðinu.

**Frávik frá:** Ákvæði 3.2 í starfsleyfi, en samkvæmt því skal halda magni úrgangstímurs í lágmarki á svæðinu. Þá ber rekstraraðila samkv. ákv.2.1 ávallt að leita leiða til að endurnota eða endurnýta úrgang. Þá er vert að minna á grein 16 í reglugerð 738/2003 um urðun úrgangs, m.a. k-lið en samkvæmt honum skal stjórnandi urðunarstaðar hafa nægilega þekkingu og færni til að stjórna starfsemi á staðnum.

### Frávik 3:

Kindur voru á svæðinu enda svæðið ekki afgirt. Þá voru hlið ólæst þó starfsemi væri ekki í gangi.

**Frávik frá:** Ákvæði 3.3 í starfsleyfi en samkvæmt því skal takmarka aðgang annarra að svæðinu en rekstrar- og eftirlitsaðila, eða aðila sem heimild hafa frá rekstraraðila til að farga eða endurvinnna úrgang á urðunarstaðnum.

### Frávik 4:

Umhverfisstofnun hefur ekki borist staðfesting um ábyrgðartryggingu, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mögulegrar hættu á bráðamengun.

**Frávik frá:** 18. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, en samkvæmt henni ber rekstraraðila gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfseminni, sem og viðbragðsáætlun. Umhverfisstofnun fer fram á að fá send þessi tilgreindu gögn. Eins ber rekstraraðila að taka ábyrgðartryggingu vegna mögulegs bráðamengunartjóns sbr. 16.gr. fyrrgreindra laga.

### Frávik 5:

Eintak af starfsleyfi var ekki til staðar í vörslu umsjónaraðila.

**Frávik frá:** Ákvæði 3.7 í starfsleyfi en samkvæmt því skal eintak af starfsleyfi ávallt tiltækt á vinnustað.

## Frávik 6

Ekki hafa fundist nein gögn um mælingar á vatnssýnum frá urðunarstaðnum í gagnasöfnum Umhverfisstofnunar, en Umhverfisstofnun fór fram á slíkar mælingar í síðasta eftirliti dags. þann 23.3.2010.

**Frávik frá:** Ákvæðum 4.2 og 4.3 í starfsleyfi en samkvæmt þeim skal samráð haft við Umhverfisstofnun um framkvæmd mælinga og skal mæla ákv. efni og eðlisþætti í vatnssýnum árlega eða eftir þörfum.

## Önnur atriði:

Samráðsfundur hefur verið haldinn vegna endurnýjunar starfsleyfis, en gildistími þess er á enda 4.12.2012. Vakin er athygli á að endurnýjun starfsleyfis tekur nokkurn tíma og er heppilegt að hefja vinnslu þess áður en langt um líður.

Reykjavík, 9.9.2011

---

Undirskrift eftirlitsaðila

---

<sup>i</sup> **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>ii</sup> **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.